

Veitur ohf.
Bæjarhálsi 1
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. ágúst 2022
Tilvísun: OS2022070023/10.4
Verknúmer: 4353410

Efni: Kvörtun um gjalddaga og eindaga á reikningu frá Veitum ohf. - Ákvörðun

Þann 5. júlí 2022 barst Orkustofnun kvörtun frá Varða ehf., þar sem kvartað var undan því að gjalddagi og eindagi á reikningi frá Veitum ohf. var sá sami, eða 5. júlí 2022. Að mati kvartanda taldi hann þetta ekki eðlilega viðskiptahætti af hálfu sérleyfisfyrirtækis, sem hann hefði í raun ekki val um að eigi viðskipti við.

Forsendur og niðurstaða

Í 2. og 4. tl. 2. gr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda kemur fram að eindagi er síðasti dagur til að greiða kröfu áður en dráttavextir eða álag leggjast á hana og gjalddagi er sá dagur sem fyrst er heimilt að krefja gjaldanda um greiðslu kröfu.

Fjöldmörg lög tilgreina sérstaklega mun á dagsetningu gjalddaga og eindaga.¹ Í raforkulögum nr. 65/2003 eða reglugerðum tengdum þeim svo sem reglugerð um framkvæmd raforkulaga nr. 1040/2005 og reglugerð nr. 115/2019 um raforkuviðskipti og mælingar kemur hvergi fram að lögð sé skylda á dreifiveitur að halda til haga gjalddaga og eindaga við innheimtu á reikningum, hvað þá að tilgreindur sé sérstaklega munur á dagsetningu gjalddaga og eindaga á reikningum dreifiveitna. Það er því niðurstaða Orkustofnunar að dreifiveitur brjóti ekki raforkulög og/eða reglugerðir byggðar á þeim með því að tilgreina gjalddaga sama dag og eindaga.

Í almennum viðskiptaskilmálum íslenska ríkisins kemur fram að gjalddagi og eindagi reikninga skuli vera sá sami.² Fram kemur í tilvísun á heimasíðu Fjársýslu ríkisins að eindagi, eins og hann hefur verið notaður, hafi fyrst og fremst átt sér rætur í tæknilegum ferlum. Orkustofnun dregur því þá ályktun að gjalddagi og eindagi eigi sér ekki grundvöll til þæginda eða verndar fyrir neytendur og því sé ekki ósanngjarnt að dreifveita sem sérleyfisfyrirtæki, setji gjalddaga og eindaga saman.

ÁKVÖRÐUNARORÐ

Að framansögðu er það ákvörðun Orkustofnunar að Veitur ohf. hafi ekki brotið raforkulög með því að setja gjalddaga og eindaga á sömu dagsetningu.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra

Rafræn undirskrift á næstu síðu

Rafræn undirskrift á næstu síðu

Afrit sent til: Varða ehf.

¹¹ <https://www.althingi.is/lagasafn/?leitartegund=5&utgafa=67&texti=eindagi&rodun=0>

² <https://www.fjs.is/fraedsla-og-verklagsreglur/rafraenir-reikningar/>

